


# JAFNRÉTTISÁÆTLUN STAPASKÓLA



STAPASKÓLI

Gleði • Vinátta • Samvinna • Virðing

## Efnisyfirlit

Jafnréttisáætlun skóla.....	2
Markmið.....	2
Ábyrgð.....	2
Jafnréttisnefnd.....	3
Starfsfólk.....	3
19. gr. Launajafnrétti.....	4
21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.....	4
Starfsfólk og nemendur.....	5
22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.....	5
Nemendur.....	5
23. gr. Menntun og skólastarf.....	5
Námsgögn.....	5
Samskipti við foreldra/forráðamenn.....	6

## Jafnréttisáætlun skóla

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Jafnréttisstefnan á við um nemendur, foreldra og starfsfólk skólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í skólasamfélaginu. Sem vinnustaður þarf skóli, með 25 starfsmenn eða fleiri, að gera áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. laganna. Sem menntastofnun þarf skólinn, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. og 23.gr. laganna sem snúa að nemendum.

### **Markmið**

Markmið jafnréttisáætlunar skóla er að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum og í skólanum sem menntastofnun nemenda. Til að framkvæma jafnréttisstefnu skólans er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun með markmiðum, aðgerðum, ábyrgð og tímaramma. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, viðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

### **Ábyrgð**

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé gerð í samræmi við lög og reglu. Skólastjóri skipar í jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun á þriggja ára fresti. Skólastjórnendur bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt aðalnámskrám leik- og grunnskóla í öllu starfi skólans. Jafnréttisnefnd skólans vinnur með skólastjórnendum að útfærslum á vinnu með jafnrétti. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið og hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

## **Jafnréttisnefnd**

Í jafnréttisnefnd skólans eru Elísabet Kjartansdóttir, Heiða Mjöll Brynjarsdóttir, Jón Haukur Hafsteinsson og Valgerður Guðbjörnsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Gæta þess að jafnréttislögum sé fylgt.
- Fylgja því að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans.
- Endurskoða áætlun á þriggja ára fresti og gera viðeigandi breytingar.
- Taka saman gögn sem unnið er að samkvæmt áætluninni og gera þær opinberar. Gera umbætur í kjölfarið ef þörf er á.
- Fylgjast með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál kynjanna.
- Vinna og halda utan um hugmyndabanka um jafnréttiskennslu.

## **Starfsfólk**

Þess skal gætt í starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum allra kynja í skólastarfinu. Meirihluti starfsfólks Stapaskóla eru konur. Leitast verður eftir að jafna kynjahlutfallið við nýráðningar.

Samkvæmt jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar tryggir bæjarfélagið að störf séu ókynbundin, nema að starfsumhverfi knýi á um annað. Öll laus störf innan skólans skulu auglýst í samræmi við jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar.

Allir starfsmenn sem starfa hjá Stapaskóla skulu hafa jafnan rétt til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð kyni. Það sama gildir um stöðubreytingar, uppsagnir og önnur starfsskilyrði á vinnustað. Öll kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

### **19. gr. Launajafnrétti**

Starfsfólk skal njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal öllum jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Hæfnis- og árangurslaun og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti jafnlaunastefnu fyrir sveitarfélagið 4. desember 2018 sem tekur til allra starfsmanna Reykjanesbæjar. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af starfsmannastefnu sveitarfélagsins og ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvarðanir. Jafnlaunastefnan og jafnlaunavottun er einnig órjúfanlegur hluti af jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Mannauðsstjóri gerir á hverju ári greiningu á launum og friðindum starfsmanna ásamt tölfræðilegri samantekt. Leiðrétta skal laun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram.

### **21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs**

Reykjanesbær leggur metnað sinn í að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir starfsmanna varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildir um karla jafnt sem konur. Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er.

Ábyrgð beggja foreldra er mikilvæg og stuðlar að jöfnuði á öðrum sviðum í samfélaginu. Báðir foreldrar eru hvattir til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs og vegna veiks barns.

## Starfsfólk og nemendur

### 22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Í 2.gr laga nr. 10/2008 eru m.a. skilgreind hugtökin bein/óbein mismunun, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi. Ekkert slíkt er liðið á vinnustöðum Reykjanesbæjar. Ef kvartanir koma upp skiptir miklu máli að brugðist sé við eins fljótt og kostur er, slíkar kvartanir kannaðar til hlítar og stutt við starfsfólk sem leggur fram slíka kvörtun. Þá þarf að meta hvort að þörf sé fyrir að veittur sé stuðningur frá þriðja aðila en mikil áhersla skal lögð á að gæta fyllsta trúnaðar til að gæta hagsmuna allra aðila. Áreitni getur birst í mögum myndum, orðum, snertingu eða látbragði.

## Nemendur

### 23. gr. Menntun og skólastarf

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa öll kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

## Námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu vera þannig að kynjum sé ekki mismunað. Kennarar gæta þess að nota ekki námsefni sem ýtir undir kynjamismun eða stöðlum kynhlutverka og þess sé gætt við innkaup.

## **Samskipti við foreldra/forráðamenn**

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri á grundvelli kyns. Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfi.

Endurskoða skal jafnréttisáætlun næst haustið 2023.

Jafnréttisáætlun Stapaskóla byggir á:

- Lögum grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um leikskóla nr. 90/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Aðalnámskrá grunnskóla, 2011
- Aðalnámskrá leikskóla, 2011
- Ritroð um grunnþætti menntunar, Jafnrétti, 2013
- Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar 2019-2023
- [https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf\\_skjol\\_allir/jafnrettisaaetlunrnabendursk..pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/jafnrettisaaetlunrnabendursk..pdf)
- Útg. Jafnéttisstofu, leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlanar.  
[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/leidbeiningar-fyrir-grunnskola-2019.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/leidbeiningar-fyrir-grunnskola-2019.pdf)
- Gátlisti um jafnrétti í kennslu [https://www.hi.is/sites/default/files/sveinng/hi\\_jafnretti\\_agust2018\\_sjonskertir.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sveinng/hi_jafnretti_agust2018_sjonskertir.pdf)